

Fimma (8 ára)



Höfundur : Sarah Dearne

Helstu mál á peysu

Yfirvidd : 80 cm / 31,5"
Ermar lengd : 36 cm / 14,2"
Bolur lengd : 34 cm / 13,4"

Lýsing :

Lopapeysa fyrir 8 ára barn. Garn notkun: Litur 1 (gulur): 5 dokkur, litur 2 (hvítur): 1 dokka, litur 3 (bleik samkamba): 1 dokka, litur 4 (ljósrauð samkamba): 1 dokka, litur 5 (sauðsvartur): 1 dokka.


ISTEX - Léttlopi			
	Nr.	Heiti líts	Áætlað magn
1	9264	gulur	447 metrar. *
2	0051	hvítur	29 metrar. *
3	1412	bleik samkemba	25 metrar. *
4	1408	ljósrauð samkemba	44 metrar. *
5	0052	sauðsvartur	22 metrar. *
* Reiknuð áætlun			

 = Engin lykkja

 = Úrtaka til hægri


 = Úrtaka til vinstri




Munstur axlir



Endurtaka

Munstur ermum og bol



**Aðferðir og tækni :**

Peysan er prjónuð neðan frá og upp. Fyrst er búkur prjónaður upp að handvegi og ermar sömuleiðis. Þá eru lykkjur fyrir handveg settar upp á band eða lykkjuhaldara og stykkinn þrjú sameinuð á einn prjón. Axlastykkið er unnið í einu lagi og mótað með einföldum úrtökum.

Aukið út við stroff (aukið út í brugðnum lykkjum): lyftið bandinu úr síðustu umferð upp á prjóninn, prjónið það brugðið og prjónið því næst lykkjuna sjálfa brugðið.

Bolur :

Fitjið upp með litnr. 9264 gulur 141 lykkjur á hringprjón nr. 3.5 mm / 4 US. Tengjið saman í hring og prjónið stroff 4 cm / 1,6". Skiptið yfir á hringprjón nr. 4.5 mm / 7 US. Prjónið 1 umferð slétt, aukið jafnframt út um 3 lykkjur með jöfnu millibili (144 lykkjur). Prjónið munstur bol. Þegar því er lokið ætti allur bolurinn mælast 34 cm / 13,4", prjónið ekki síðustu 4 lykkjur af síðustu umferð. Slítið ekki frá, geymið bolinn og prjónið ermar.

Ermur :

Fitjið upp með litnr. 9264 gulur, á sokkaprjóna nr. 3.5 mm / 4 US , 36 lykkjur. Tengjið í hring og prjónið stroff, 1 slétta, 1 brugna, þar til mælist 4 cm / 1,6" frá upffit. Í síðustu umferð stroffs er aukið í 4 lykkjur jafnt yfir umferðina. Þá eiga að vera 40 lykkjur í hringnum. Prjónið nú allar lykkjur slétt. Skiptið yfir á prjóna nr. 4.5 mm / 7 US. Prjónið munstur ermar. Aukið í neðan á ermi, fyrir síðustu lykkju umferðar og eftir fyrstu lykkju umferðar í 17. hverri umferð alls 4 sinnum, einnig inn í munstri. Prjónið þar til ermi mælist 36 cm / 14,2". Þá á ermin að vera 48 lykkjur. Setjið 8 lykkjur á miðri undirermi á aukaband/lykkjuhaldara.

Axlastykki:

Setjið 8 lykkjur í miðjum vinstri handvegi á bol á aukaband/lykkjuhaldara. Látið lykkjur á aukabandi á ermi og bol snúa saman og prjónið ermalykkjur yfir á sama prjón og bolur er á. Haldið áfram og prjónið lykkjur á framstykki. Setjið 8 lykkjur í miðjum hægri handvegi á bol á aukaband/lykkjuhaldara. Látið lykkjur á aukabandi á ermi og bol snúa saman og prjónið ermalykkjur yfir á sama prjón og bolur er á. Prjónið munstur Axlir. Í lok axlamunsturs ættu 78 lykkjur að vera á prjóninum. Haltu áfram að prjóna með litnr. 9264 gulur. Í næstu umferð eru gerðar 10 úrtökur, prjónið 2 saman, dreift jafnt yfir umferðina (68 L). Prjónið stroff, 1 slétt, 1 brugðin, 7 cm / 2,8" .

Frágangur :

Gangið vel frá öllum lausum endum og lykkjið saman undir höndum. Brjótið háslíningu til helminga og saumið laust niður á röngu.